

Lóð fyrir veitingahús við Arnarnesvog

Skilmálar umsóknar

Almennt

Garðabær auglýsir eftir frá áhugsömum aðilum til að byggja og starfrækja veitingahús á lóð við Arnarnesvog. Lóðin er við Ránargrund og er 4.089 m² að stærð og er heimilt að byggja á henni veitingahús sem er allt að 500 m² að stærð.

Lóðin er á góðum útsýnisstað við Arnarnesvog og í góðum tengslum við útivistarsvæði Sjálandshverfis og Arnarneslækjar, og við hjóla- og göngustígakerfi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Um nánar skipulagsskilmála lóðarinnar er vísað til meðfylgjandi skipulagsupphátta.

Verð fyrir byggingarrétt er kr. 19.194.568 (miðað við febrúar 2016). Gatnagerðargjöld innifalin.

Umsókn

Umsóknum skal skilað til þjónustuvers Garðabæjar í Ráðhúsinu, Garðatorgi 7 í síðasta lagi kl. 14:00 föstudaginn 27. febrúar 2016.

Með umsókn skal skila eftirtöldum gögnum:

- Upplýsingar um umsækjanda:
 - > Fullt nafn umsækjanda og kennitala
 - > Ef um fyrirtæki er að ræða skal útskrift úr hluthafaskrá fylgja
 - > Upplýsingar um fjárhag umsækjanda (t.d. í formi útskriftar frá Creditinfo).
- Greinargerð um væntanlegan veitingarekstur:
 - > Lýsing á hugmyndum um starfsemi veitingastaðar
 - > Rekstrar- og fjármögnunaráætlun vegna veitingarrekstrar
 - > Áætlun um framkvæmdir sem sýnir tímasetningar megináfanga í uppbyggingu veitingastaðar
- Hugmyndir um byggingu:
 - > Lýsing á hugmyndum um gerð og útlit byggingar, studd með skissum eða myndum sem gefa mynd af væntanlegu húsi, veitingaaðstöðu o.fl.og þeirri stemningu sem umsækjandi hyggst ná í aðstöðunni.
 - > Fjárfestingaráætlun, þ.e. hugmyndir um stofnkostnað og fjármögnun byggingar
 - >

Gjöld af lóð

Gatnagerðargjöld af lóðinni eru kr. 9.597.284 (miðað við febrúar 2016) miðað við að byggt verði 500 m² hús.

Mat umsókna

Garðabær mun meta umsóknir með eftirfarandi hætti:

1. Fjárhagslegur styrkur umsækjanda, þ.e. fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir fjárfestingu og rekstri.
2. Mat á hugmyndum um fyrirkomulag byggingar
3. Raunhæfni hugmynda um uppbyggingu, fjárfestingu og rekstur veitingastaðar

Viðræður

Umsækjendum, sem þess óska, verður boðið til viðræðna um nánari skýringa á umsókn sinni og hugmyndum um uppbyggingu. Umsækjendur, sem boðið verður til viðræðna, verða valdir þannig að fyrst verður fjárhagslegt bolmagn þeirra skv. lið 1 í Mat umsókna metið og síðan verður umsóknum raðað í samræmi við matsliði 2-3.

Að loknum þessum viðræðum verður leitað samninga við einn úr hópi þessara umsækjanda.

Umsóknareyðublað

Undirritaður sækir hér með um lóð við Ránargrund í Garðabæ fyrir veitingahús við Arnarnesvog. Umsækjandi hefur kynnt sér skipulagsskilmála lóðarinnar og framangreinda skilmála um mat á umsóknum og samþykkir þá með undirritun sinni.

Nafn fyrirtækis í forsvari fyrir teyminu :

Kennitala:

Heimilisfang :

Tengiliður:

Sími:

Netfang:

Með umsókn þessari fylgja þau gögn sem um er beðið í skilmálum umsóknar.

Undirritaður gerir eftirfarandi verðtilboð í byggingarrétt fyrir allt að 300 m² veitingahús á lóðinni:
kr.

kr. í tölustöfum:

staður og dagsetning

Nafn (í prentstöfum)

Undirritun